

# Skólaráð Naustaskóla

Fundargerð 3. desember 2021

## Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Rósa Halldórsdóttir, Rósa María

Fulltrúar starfsmanna: Kolbrún Sigurgeirsdóttir, Þuríður Rósenbergsdóttir, Vala Björt Harðardóttir.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Námsmarkmið skólans – námsamt.

Farið yfir fyrirkomulag og hvernig námsmarkmið eru notuð í skólastarfinu og kennsluáætlunum. Einnig gerð grein fyrir hvernig þau eru nýtt í námsmati. Fram kom að fulltrúar foreldra eru sáttir við þróun sem er í námsmati og vinnu með markmið nemenda í námi.

### 2. Framkvæmd agastefnu.

Bryndís kynnti verklag vegna ofbeldisfullrar hegðun barns og hvaða viðbrögð starfsmenn skóla nota til að róa barnið og verja barnið sjálft, önnur börn og starfsfólk. Umræða um hvers vegna er mikilvægt að hafa verklag til að vinna eftir og fulltrúar foreldra sáttir við þetta verklag. Kynna á verklagið fyrir foreldrum eins fljótt og auðið er (stefnt að janúar 2022).

Rætt var um fyrirhugaðar breytingar sem tengjast m.a. farsældarfrumvarpinu og hvernig stoðþjónustunni.

### 3. Nemendafélag – hagsmunamáli nemenda.

Þuríður sagði frá starfi nemendaráðs og mikilvægt væri að hafa ekki einsleita kynjasamsetningu í ráðinu og raddir allra kynja heyrðust. Velja tvo fulltrúa úr nemendaráði til að sitja í skólaráði mikilvægt að hafa fundina á skólatíma þar sem nemendur eiga erfitt með að mæta utan skólatíma.

### 4. Námsaðlögun

Námsaðlögun – tengist markmiðum og kennsluáðferðum og gangast flestum. Vala og Kolbrún sögðu frá dæmum um ólíkum kennsluáðferðum og öppum sem notuð eru í kennslu og nemendur eru að læra nota.

### 5. Skólaþjónusta

Rætt var um fyrirhugaðar breytingar sem tengjast m.a. farsældarfrumvarpinu og hvernig stoðþjónustunni.

### 6. Önnur mál

**Litlu jól:** Bryndís nefndi að líklegt væri að ekki væri hægt að hafa litlu jólin með hefðbundnum hætti og hvernig við gætum skipulagt „jólaball“ dansa í kringum jólatréið. Enn eru fjöldatakmarkanir vegna Covid.

**Foreldrafélag:** fulltrúar foreldra minntu á að kennarar geti sótt í sjóði foreldrafélagsins kr: 10.000 fyrir hvern árgang.

Nýr fundartími skólaráðs: Ákveðið að hafa fundi kl. 8:10 á fimmtudögum til þess að tryggja sé að nemendur geti setið fundina.

Fundarritari Þuríður Rósenbergsdóttir.